

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Matorka ehf Hraun (i5), Grindavík



Dags eftirlits	18.4.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Matorka ehf	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Reitur I5, vestan Grindavíkur	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	500412-0540	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Anna Lilja Benediktsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinbjörn Oddsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, áætlun um meðhöndlun úrgangs liggur ekki fyrir. Engar ábendingar voru gerðar.

Tvö frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram. Annars vegar varðandi að frárennslisvatn rennur óhreinsað til sjávar og hins vegar að niðurtöðum mælinga á fráveituvatni var ekki skilað tvisvar árið 2021.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Matorku ehf., Hrauni (i5).

Samkvæmt starfsleyfi Matorku ehf., Hrauni sem tekur til landeldis á laxfiskum, má hámark lífmassa á hverjum tíma ekki fara yfir 6.000 tonn. Framleiðsla árið 2021 var 1.220 tonn.

Stöðin er samsett úr fjórum einingum sem hver um sig samanstendur af einu langkeri og þremur hringkerjum. Auk þeirra eru í stöðinni tvö ker sem notuð eru til að geyma sláturfisk. Langkerin eru yfirbyggð en önnur ker eru opin. Unnið er að uppsetningu tromlusía á milli kerja og er sú vinna hafin. Varaafstöð er í húsi á lóð stöðvarinnar og er olútankur þar innandyra.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á losun næringarefna)
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
- Kynning á nýrri gjaldskrá UST
- Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Unnið er skv. samykktri úrbótaáætlun vegna fráviks um að fráveituvatn renni óhreinsað til sjávar. Rekstraraðili sótti, þann 12.10.2022, um frestun á söfnun á lífrænum úrgangi eftir tromlusiun, en fyrirhugað var að hún hæfist eigi síðar en 31.12.2022. Umhverfisstofnun féllst á ósk rekstraraðila, í bréfi dags. 31.10.2022, og er því gert ráð fyrir að söfnun á lífrænum úrgangi hefjist eigi síðar en 31.12.2024.

- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi (m.a. útreikningar á losun næringarefna)

Þar sem innan við ár er liðið frá síðasta eftirliti, hefur hvorki þurft að skila grænu bókhaldi né ársyfirliti síðan þá. Frávik kom fram í síðasta eftirliti varðandi að niðurstöðum mælinga á fráveituvatni var ekki skilað í samræmi við starfsleyfi. Mælingar ársins 2022 og 2023 á svifögnum og TOC eða COD í frárennslisvatni hafa borist Umhverfisstofnun eins og krafa er um í starfsleyfi. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru þann 4.10.2022, bárust Umhverfisstofnun þann 7.10.2022 og niðurstöður mælinga sem voru gerðar 1.3.2023, bárust stofnuninni þann 6.3. sl.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg

Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun. Ekki er talin vera nein mengun í jarðvegi á starfsvæði Matorku, Hrauni (i5).

- Kynning á nýrri gjaldskrá UST

Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

6. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits

Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

7. Önnur mál

Áætlun um meðhöndlun úrgangs lá ekki fyrir þegar eftirlitið fór fram. Áætlun fyrir stöðina barst eftirlitsaðila þann 30. maí sl.

8. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila.

Frá síðasta eftirliti hafa langkerin verið yfirbyggð auk þess sem unnið hefur verið að uppsetningu tromlusía á milli kerja. Einnig er unnið að lagfæringum á frárennsli stöðvarinnar.

Lóð er snyrtileg og vel frá öllu gengið. Engar athugasemdir eru gerðar þar um.

**Frávik frá**

**Lýsing á fráviki**

gr. 3.10 í starfsleyfi

Áætlun um meðhöndlun úrgangs liggur ekki fyrir.




## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 31.05.2023



Freyr Evarsson

